



# Áætlun um jöfn tækifæri til atvinnu fyrir fólk með fötlun í Evrópu

## Meginatriði

Á vegum Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun (Workability International) – stærstu samtaka vinnuveitenda fatlaðra í heimi – hefur nú verið hrundið af stökkunum tímamótaáætlun sem miðar að því að **innan 10 ára** verði endir bundinn á mismunun fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga á evrópskum vinnumarkaði.

Evrópudeild Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun (Workability International – Europe) hefur sent frá sér svokallaða Reykjavíkur-yfirlýsingu, sem samþykkt var á þingi samtakanna í Reykjavík 27. – 30. maí 2003. Þar er brugðist við upplýsingum frá Evrópusambandinu um að atvinnuleysi fatlaðra einstaklinga í aðildarríkjunum sé nú ríflega þrisvar sinnum meira en annars vinnufærs fólks.

Í Evrópudeild Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun (WI-E) eru **18 meðlimir** sem veita yfir **800.000** fötluðum einstaklingum atvinnu. Samtökin hvetja til samstarfs milli ríkisstjórna, vinnuveitenda og fatlaðs fólks til að „ná því markmiði að innan 10 ára verði hlutfall fatlaðra einstaklinga á vinnumarkaði það sama og annars vinnufærs fólks í Evrópu“.

Áætlunin er grundvölluð á **sex tillögum**:

- Að ríkisvaldið í hverju landi tryggji fjárstuðning til stofnana sem hafa að meginmarkmiði að styðja fatlaða einstaklinga í atvinnu á almennum vinnumarkaði og sjái til þess að fjármagni verði veitt til markvissra verkefna á þessu sviði.
- Að fé verði veitt til stuðnings við fólk með fötlun sem ræður ekki við að fara út á almennan vinnumarkað af eigin rammleik vegna fötlunar sinnar.

- Að komið verði á fót evrópskum samstarfshópi vinnuveitenda um fötlun sem og sambærilegum hópum í hverju Evrópulandi.
- Að tryggt verði að þeir aðilar sem veita fötluðum einstaklingum atvinnu og þjálfun til atvinnuþátttöku tali einum rómi svo hægt verði að auka áhrif þeirra á Evrópuþinginu, í Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og hjá ríkisstjórnnum Evrópuríkja.
- Að ýtt verði undir og stutt við að væntanleg aðildarríki Evrópusambandsins auki atvinnutækifæri fatlaða einstaklinga.
- Að Evrópusambandið og Evrópuríkin skuldbindi sig til að láta reglulega í té gögn og tölur sem endurspeгла raunverulegt ástand atvinnumála fatlaðra einstaklinga svo hægt verði að leggja raunhæft mat á framfarir í atvinnumálum fatlaðra.

Samtök um vinnu og verkþjálfun á Íslandi (SVV) vilja leggja áherslu á eftirfarandi:

- Enn er það aðeins fjarlægur draumur fyrir milljónir fatlaðra einstaklinga í Evrópu að hafa sömu tækifæri og annað fólk til atvinnu þrátt fyrir að enginn efist um þann fjárhagslega ávinning sem hlýst af atvinnuþátttöku þeirra.
- Með þessum sex tillögum er hægt að ná árangri. Með þeim getum við sópað burtu langri ójafnaðarsögu og byggt upp Evrópu þar sem fatlaðir einstaklingar eru metnir að verðleikum og þar sem allir samfélagsþegnar fá loksins tækifæri til að leggja sitt af mörkum til efnahagslífs og samfélags í heimabyggð sinni og heimalandi.
- Við heitum á íslensk stjórnvöld að leggja sitt af mörkum til að markmiðum Reykjavíkuryfirlýsingarinnar um jafna atvinnuþátttöku allra innan 10 ára verði náð.
- Samtök um vinnu og verkþjálfun (SVV) leggja áherslu á að samskipan allra í atvinnumálum verði þegar komið á hér á landi. Atvinnumál fatlaðra einstaklinga eiga að vera staðsett í stjórnkerfinu á sama stað og atvinnumál annarra Íslendinga, en ekki vera flokkuð sem félagsmál eins og gert er í dag.

Reykjavík í október 2003



Kristján Valdimarsson  
Formaður Samtaka um  
vinnu og verkþjálfun